

Sp.

255. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1985 varaði minni hl. nefndarinnar við því að fjárlög yrðu afgreidd með þeim hætti sem gert var, þ.e. 743 millj. kr. halla, jafnframt því sem byggt var á hæpnum forsendum.

Fulltrúar minni hl. í nefndinni lýstu því yfir að þeir teldu að fresta ætti afgreiðslu fjárlaga og lýstu sig reiðubúna til þess að leggja í það vinnu með meiri hl. nefndarinnar að endurskoða þær ákvarðanir sem fólust í þeirri afgreiðslu fjárlaga sem ríkisstjórnarflokkarnir stefndu að. Leita ætti nýrra leiða, m. a. með nýrri tekjuöflun ef þurfa þætti, til þess að afgreiða haldbetri fjárlög þar sem rekstrarafkoma ríkissjóðs væri betur tryggð og meiri gætni sýnd gagnvart skuldasöfnun.

Nú að ári liðnu blasir við að komið er fram það sem varað var við. Fyrirsjáanlegt er að halli á ríkissjóði í ár verður jafnvel ríflega þrisvar sinnum meiri en gert var ráð fyrir við samþykkt fjárlaga.

Í athugasemdum við fjárlagafrv. fyrir árið 1986 er talið að hallinn í ár verði 1859 millj. kr. en um það bil tveim mánuðum eftir að sú áætlun var lögð fyrir Alþingi er staðfest af forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar á fundi með nefndinni að allt bendi til þess að hallinn á ríkissjóði í ár verði 2000—2500 millj. kr. og þó e.t.v. fremur nær hærri tölunni. Fari svo yrði hallinn 1700—1800 millj. kr. meiri en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári.

Þrátt fyrir viðvaranir við afgreiðslu fjárlaga og þrátt fyrir að sjáanlegt hafi verið að hverju stefndi þegar á árið leið hefur ríkisstjórnin látið skeika að sköpuðu og á engan hátt brugðist við þessari síauknu skuldasöfnun.

Áætlanir í athugasemdum með fjárlagafrv. um afkomu ríkissjóðs í ár eru sjáanlega rangar. Áætlanir um tekjur og gjöld á næsta ári byggjast á sömu röngu forsendunum. Misræmi er milli áætlunar um tekjur og gjöld þar sem nú er talið að hækka þurfi áætluð útgjöld á næsta ári á desemberverðlagi í ár um 5—6% frá áætlun í fjárlagafrv. að því er tekur til allra verðlags- og launapátta en tekjur munu hækka minna en því nemur.

Nú við 2. umr. um fjárlagafrv. er áætlaður halli á næsta ári þegar orðinn 476,5 millj. kr. á desemberverðlagi í ár ef lagðar eru til grundvallar þær brtt. sem ýmist hafa verið boðaðar eða þegar fluttar og er þá miðað við sömu framsetningu og í núgildandi fjárlögum. Þar við bætist fyrirsjáanleg aukning útgjalda umfram hækkun tekna við leiðréttingu á forsendum frumvarpsins og uppfærslu þess á verðlag ársins 1986 ef horfst er í augu við staðreyndir.

Þessi halli er fyrirsjáanlegur þó að verklegar framkvæmdir séu enn skornar niður í svo ríkum mæli að til þess að halda verðgildi frá árinu 1983 þyrftu framlög til helstu framkvæmda sveitarfélaga að hækka um nálega 100% að meðaltali.

Störf nefndarinnar að skiptingu framkvæmdaliða hafa að þessu sinni verið með þeim hætti að meiri hl. hefur nánast haft það í eigin höndum að gera tillögur um skiptingu en undirnefndir ekki starfað með venjulegum hætti.

Tillögur um skiptingu framkvæmdaliða eru því að þessu sinni fluttar af meiri hl. en ekki af nefndinni allri eins og áður.

Minni hl. telur að ekki sé stætt á því að afgreiða fjárlög fyrir næsta ár með þeim halla sem við blasir ef ekki er gripið til sérstakra ráðstafana. Síst af öllu kemur slík afgreiðsla til greina í kjölfar 2000—2500 millj. kr. rekstrarhalla ríkissjóðs í ár með þeirri skuldasöfnun og þeim aukna fjármagnskostnaði, viðskiptahalla og verðbólgu sem af því leiðir.

Lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs á næsta ári er skv. lánsfjárlögum og fjárlagafrv. og þeim brtt., sem hafa verið kynntar, talin nema 3164 millj. kr. í stað 1526 millj. kr. í núgildandi

lánsfjárlögum. Er það hækkun um 107% á einu ári og verður þó enn meiri ef tekið er tillit til þess að halli í ár er vanáætlaður.

Með tilliti til gífurlegs hallareksturs á ríkissjóði í ár langt umfram upphaflega áætlun í fjárlögum og þess hvert virðist stefna í því efni á næsta ári telur minni hl. óhjákvæmilegt að fjárlagafrv. verði tekið til gagnerrar endurskoðunar. Til þessarar endurskoðunar þarf rými tíma en svo að fjárlög verði afgreidd fyrir áramót og er minni hl. reiðubúinn til þess að standa að samþykkt nauðsynlegra greiðsluheimilda þar til fjárlög hafa verið samþykkt.

Minni hl. flytur því eftirfarandi tillögu til

RÖKSTUDDRAR DAGSKRÁR:

Fyrir liggur að halli á fjárlögum í ár, sem áætlaður var 743 millj. kr. við afgreiðslu þeirra, mun verða 2000—2500 millj. kr. og þar með einnig verulega hærri en gert er ráð fyrir í þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1986.

Þar sem forsendur fyrir áætlunum í fjárlagafrv. um tekjur og gjöld á næsta ári eru ekki í samræmi við raunveruleikann er ljóst að án sérstakra aðgerða verður verulegur halli á ríkissjóði einnig á næsta ári.

Ef stöðva á slíka skuldasöfnun ríkisins og síaukinn fjármagnskostnað er óhjákvæmilegt að taka fjárlagafrv. til rækilegri endurskoðunar en unnt er að gera fyrir n.k. áramót.

Því samþykkir Alþingi að fresta afgreiðslu frv. til fjárlaga fyrir árið 1986 að sinni og fela fjárveitinganefnd að taka frv. til gagnerrar endurskoðunar með því markmiði að afgreidd verði hallalaus fjárlög fyrir árið 1986 og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. des. 1985.

Geir Gunnarsson,
fundaskr., frsm.

Sighvatur Björgvinsson.

Kolbrún Jónsdóttir.

Kristín Halldórsdóttir.